

**Samkomulag milli
Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og Landspítala háskólasjúkrahúss
um forsendur röðunar starfa við stofnunina skv. ákvæðum kjarasamnings fjármálaráðherra f.h.
ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga frá 5. júlí 1997.**

**Samkomulag þetta gildir frá og með 1. júlí 2001
og kemur í stað úrskurðar og röðunarreglna á einingum LSH**

1 Gildissvið

Samningur þessi nær til allra starfsmanna á Landspítala háskólasjúkrahúsi sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga og telst samningurinn hluti af kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar annars vegar og Félags íslenskra náttúrufræðinga hins vegar sem undirritaður var 05.07.1997.

2 Launarammar og forsendur röðunar

Samningur þessi byggir á eftirfarandi skilgreiningum og forsendum:

- Með launaramma er átt við launaramma skv. skilgreiningum í kjarasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra og Reykjavíkurborgar, dags. 05.07.1997.
- Með launaflokki er átt við lárétta línu í launaramma.
- Í kjarasamningi aðila frá 05.07.1997, gr. 3.5, eru skilgreind störf í ramma A, B og C.

Við ákvörðun um röðun starfa í ramma og innan ramma skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Taka skal tillit til faglegrar, stjórnunarlegrar og/eða fjárhagslegrar umsjónar og ábyrgðar og álags og hvaða kröfur starfið gerir til faglegrar/fræðilegrar hæfni/færni starfsmanns. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

Grunnröðun starfa/starfsmanna í launaramma og launaflokka er á grundvelli:

1. Skilgreininga á römmum A, B og C í kjarasamningi.
2. Reglna um röðun eins og þær eru skilgreindar í samningi þessum og fylgiskjali 1 og 2.
3. Breytinga og viðbóta sem kunna að verða ákveðnar í samstarfsnefnd.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Landspítala –háskólasjúkrahúsi er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Við endurskoðun á röðun náttúrufræðinga á Landspítala - háskólasjúkrahúsi verður horft til launaþróunar opinberra starfsmanna skv. upplýsingum kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna.

3 Starfsheiti og grunnröðun þeirra:

Náttúrufræðingur 1..... Grunnröðun A08

Náttúrufræðingur án starfsreynslu. Almennur starfsmaður. Starfið felst í almennum störfum sem að jafnaði eru unnin undir daglegri umsjón/ábyrgð annarra.

Náttúrufræðingur 2 Grunnröðun B05

Náttúrufræðingur með starfsreynslu sem vinnur sjálfstætt að ákveðnum verkþætti eða tekur vaktir.

Sérfræðingur/Umsjónarmaður 1 Grunnröðun B06

Náttúrufræðingur með umsjón með smærra verkefni eða verkþætti.

Sérfræðingur/Umsjónarmaður 2 Grunnröðun B07

Náttúrufræðingur með umsjón með miðlungs verkefni. Tekur þátt í kennslu og leiðbeiningu á sínu sviði.

Sérfræðingur/Umsjónarmaður 3 Grunnröðun B08

Náttúrufræðingur með umsjón með stærra verkefni eða fleiri smærri verkþáttum. Tekur þátt í kennslu og leiðbeiningu á sínu sviði og/eða rannsóknþjálfun í nemendaverkefnum.

Verkefnisstjóri 1..... Grunnröðun B12

Náttúrufræðingur ásamt með öðrum faglegum ábyrgðarmanni hefur frumkvæði að, gerir rannsóknaráætlan og styrkumsóknir, annast skipulagningu og faglega og fjárhagslega skilgreiningu

verkefnisins gagnvart yfirmanni, samstarfsaðilum og styrkveitendum. Ber ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu tilraunahluta verkefnis.

Náttúrufræðingur sem hefur umsjón með ákveðnu sviði þjónusturannsókna. Fylgist með nýjungum og þróun á því sviði og kynnir þær ásamt niðurstöðum eigin rannsókna innan stofnunar og utan eftir því sem við á. Getur gengið í flestöll sérhæfð störf og tekið ábyrgð á þeim.

Verkefnisstjóri 2..... Grunnröðun C06

Verkefnisstjóri/fagstjóri með mannaforráð.

Forstöðumaður 1/post doc..... Grunnröðun C06

Forstöðumaður sér um rekstur og stjórnun rannsóknastofunnar og tekur þátt í stefnumótun hennar.

Getur auk þess verið í forsvari fyrir umfangsmiklu rannsóknarverkefni eða fleiri smærri tengdum verkefnum eða reyndur sérfræðingur á rannsóknastöðustyrk (post-doc staða).

Forstöðumaður 2..... Grunnröðun C09

.....Forstöðumaður sem er í forsvari fyrir fleiri stærri rannsóknarverkefnum eða rannsóknarsviðum og tekur jafnframt þátt í stjórnun og stefnumótun rannsóknastofnunar.

Vegna breytinga og þróunar á starfssviði náttúrufræðinga á Landspítalanum - háskólasjúkrahúsi geta orðið til ný störf sem þarf að raða sérstaklega.

Í fylgiskjali 1 og 2 er yfirlit yfir þá starfsþætti sem metnir hafa verið við ákvörðun grunnröðunar starfsheitis og nánari lýsing á störfum inn hvernar einingar Landspítala háskólasjúkrahúss.

4 Aðrir þættir til ákvörðunar einstaklinga í launaflokka

4.1 Mat á þáttum er varða starfsmann (einstaklingsbundnir þættir):

	<u>A</u>	<u>B</u>	<u>C</u>
Eftirtaldir þættir er varða neðanritaða þætti eru metnir til allt að	4	4	3

Vægi einstakra þátta:

• Menntun; allt að	<u>3</u>	<u>3</u>	<u>2</u>
➤ BS 120-próf / BS honour.....	1	1	1
➤ Masterspróf (MS) eða sambæril.....	2	2	1
➤ Doktorspróf (PhD) eða sambæril.....	3	3	2
➤ Önnur menntun, endurmenntun og símenntun sem nýttist í starfi, a.m.k.....	1	1	1
• Reynsla - 5 ára starfsreynsla	<u>1</u>	<u>1</u>	<u>1</u>

Matsreglur um mat á endur og símenntun er í fylgiskjali 3

4.2 Þættir umfram grunnröðun

Stofnunin getur við launaákvörðun umfram grunnröðun starfsheitis tekið mið af persónubundnum þáttum umfram 4.1 og þáttum í starfi umfram þáttum í skilgreindu starfsheiti sem skipta máli fyrir stofnunina. Slíka ákvörðun skal faglegur yfirmaður (t.d. yfirlæknir einingar) taka í samráði við skrifstofu starfsmannamála.

4.3 Fastir tímar

Fastir tímar eru 12 tímar í A og B ramma og 17 tímar í C ramma þar til meðfylgjandi samkomulag aðila frá 25.07.2001 hefur verið uppfyllt en samfara því mun verða breyting á röðun starfsheita eins og fram kemur í samkomulaginu.

5 Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Einnig ef starfsmaður telur að hann sinni starfi sem inniheldur starfsþætti umfram það sem getið er um í röðun starfsins, sbr fylgiskjal 1 og 2, á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings og fylgiskjal 2.

Starf og starfskjör skulu metin árlega samkvæmt ósk starfsmanns og þeir þættir teknir til skoðunar sem röðun hans byggist á.

6 Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 01.07.2001

Reykjavík 25. júlí 2001

f.h. Landspítala - háskólasjúkrahúss

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Fylgiskjal 1

Röðun starfa náttúrufræðinga á Landspítala - háskólasjúkrahúsi

Eftirfarandi er sundurliðun starfsþátta starfa náttúrufræðinga á Landspítla háskólasjúkrahúsi við mat á lágmarksröðun starfanna. Lagðar eru til grundvallar grunnskilgreiningar launaramma A,B og C, og þeir starfsþættir sem tilteknir eru í fylgiskjali 2.

			A	A	A/B	A/B	A / B	A / B	B / C	B	C	C	C	C				
A	rammi:		S é r h æ f ð s t ö r f	M i k i l n á k v æ m n i	Um fan gsm ikil/ fjöl þætt	Flóki n/van dasö m/(S érhæf ð)	S é r s t a k t lí k a m l. / a n d l e g t á l a g	S é r s t a k a r h æ f n i s k r ö f u r	S é r s t ö k á h æ t t a	F a g l e g á b y r g ð	Stjórn un/rek strar/fj árhags ábyrgð	S tj ó r n u n a r l e g á b y r g ð	F j a r m á l a á b y r g ð	U m f a n g v e r k s v i ð s o g v i ð f a n g s e f n i s	U m f a n g s a m h æ f i n g a r o g s a m s t a r f s	S t a r f s þ æ t t i r a l l s	G r u n n u r	L . f l .
		1	N1	Á n r e y n s l u	1	2	2	1	0	0	1						7	A0 1

B rammi:

2	N2	Sjálfstæð vinnubrögð eftir a.m.k. 6 mán í starfi eða tekur vaktir			0	1	0	1	1	1	0				4	B01	B05
3	U/S1	Umsjónarm./sérfr.			1	1	0	1	1	1	0				5	B01	B06

		1																
4	U/S2	Umsjónarm./sérfr. 2			1	1	0	1	1	1	1					6	B01	B07
5	U/S3	Umsjónarm./sérfr. 3			2	1	0	1	1	1	1					7	B01	B08
6	V 1	Verkefnis-stj. 1			2	1	1	2	1	2	1					11	B01	B12

C rammi:

7	V 2	Verkefnis- stj./Fagstj. 2						1	1	1		1	0	1		5	C01	C06
8	F 1	Forstöðumaður 1						1	0	1		1	1	1		5	C01	C06
9	F 2	Forstöðumaður 2						1	0	2		2	2	1		8	C01	C09

Fylgiskjal 2

Við ákvörðun grunnröðunar starfa í A og B ramma er stuðst við eftirfarandi:

A rammi:

- Starfið er umfangsmikið/fjölbætt
 - 0 Starf er ekki umfangsmikið
 - 1 Starf er umfangsmikið
 - 2 Starf er verulega umfangsmikið
- Starfið felur í sér flókin eða vandasöm verkefni
 - 0 Einföld verkefni sem í stórum dráttum er aðeins hægt að leysa á einn veg. Framkvæmdin liggur ljós fyrir.
 - 1 Flókin eða vandasöm verkefni.
 - 2 Mjög flókin eða vandasöm verkefni.
- Starfið felur í sér sérhæfð verkefni
 - 0 Einföld verkefni sem í stórum dráttum er aðeins hægt að leysa á einn veg. Framkvæmdin liggur ljós fyrir.
 - 1 Verkefni sérhæfð. Starfið krefst sérstakrar þjálfunar.
 - 2 Mjög sérhæfð verkefni. Starfið krefst sérstakrar þjálfunar og mikillar reynslu.
- Starfið krefst mikillar nákvæmni
 - 0 Ekki er krafist mikillar nákvæmni í starfinu
 - 1 Verkefni krefjast mikillar nákvæmni
 - 2 Verkefni krefjast mjög mikillar nákvæmni
- Starfinu fylgir sérstakt andlegt/líkamlegt álag
 - 0 Starfinu fylgir ekki sérstakt andlegt/líkamlegt álag
 - 1 Starfinu fylgir sérstakt andlegt/líkamlegt álag
 - 2 Starfinu fylgir verulegt sérstakt andlegt/líkamlegt álag
- Sérstakar hæfniskröfur umfram það sem almennt gerist
 - 0 Ekki er krafist sérstakra hæfniskrafna umfram það sem almennt gerist
 - 1 Krafist er sérstakra hæfniskrafna umfram það sem almennt gerist
 - 2 Krafist er sérstakra hæfniskrafna verulega umfram það sem almenn gerist
- Sérstök áhætta umfram það sem almennt gerist
 - 0 Ekki er unnið með smit- og/eða eiturefni að staðaldri.
 - 1 Unnið er að staðaldri með blóðsýni og almenn ræktunarsýni. Unnið með lífræn leysiefni og/eða ofnæmisvaldandi efni (skaðleg)
 - 2 Að auki unnið með hreinræktir smitefna og /eða eiturefni þ.m.t. krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi efni (hættuleg) Vísað er í 1. kafla í Reglum um efnanotkun á vinnustöðum Stjtið B. nr. 496/1996 og skilgreiningar á líffræðilegum skaðvöldum í Reglum um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum Stjtið B. nr. 554/1996.

B rammi:

- Fagleg ábyrgð umfram það sem almennt gerist
 - 0 Starfsmaður ber ekki sérstaka faglega ábyrgð á starfi sínu umfram það sem almennt gerist.
 - 1 Starfsmaður ber faglega ábyrgð umfram það sem almennt gerist
 - 2 Starfsmaður ber verulega faglega ábyrgð umfram það sem almennt gerist.
 - Stjórnunarleg-, rekstrarleg og/eða fjárhagsleg ábyrgð
 - 0 Starfið felur ekki í sér stjórnunarlega, rekstarlega eða fjárhagslega ábyrgð
 - 1 Starfið felur í sér stjórnunarlega, rekstarlega eða fjárhagslega ábyrgð
 - 2 Starfið felur í sér verulega stjórnunarlega, rekstarlega eða fjárhagslega ábyrgð
 - Starfið er umfangsmikið/fjölþætt
 - 0 Umfang verksviðs er þröngt.
 - 1 Umfang verksviðs er vítt
 - 2 Umfang verksviðs er mjög vítt
 - Starfið felur í sér flókin eða vandasöm/sérhæfð verkefni
 - 0 Starfið felur ekki í sér flókin eða vandasöm/sérhæfð verkefni
 - 1 Starfið felur í sér flókin eða vandasöm/sérhæfð verkefni
 - 2 Starfið felur í sér verulega flókin eða vandasöm/sérhæfð verkefni
 - Starfinu fylgir sérstakt andlegt/líkamlegt álag
 - 0 Starfinu fylgir ekki sérstakt andlegt/líkamlegt álag
 - 1 Starfinu fylgir sérstakt andlegt/líkamlegt álag
 - 2 Starfinu fylgir töluvert sérstakt andlegt/líkamlegt álag
- Sérstakar hæfniskröfur umfram það sem almennt gerist
- 0 Ekki er krafist sérstakra hæfniskrafna umfram það sem almennt gerist
 - 1 Krafist er sérstakra hæfniskrafna umfram það sem almennt gerist
 - 2 Krafist er sérstakra hæfniskrafna verulega umfram það sem almenn gerist
- Sérstök áhætta umfram það sem almennt gerist
 - 0 Ekki er unnið með smit-og/eða eiturefni að staðaldri. Ekki er tekin afstaða til þessa þáttar
 - 1 Unnið er að staðaldri með blóðsýni og almenn ræktunarsýni. Unnið með lífræn leysiefni og/eða ofnæmisvaldandi efni (skaðleg)
 - 2 Að auki unnið með hreinræktir smitefna og /eða eiturefni þ.m.t. krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi efni (hættuleg) Vísað er í 1. kafla í Reglum um efnanotkun á vinnustöðum Stjtið B. nr. 496/1996 og skilgreiningar á líffræðilegum skaðvöldum í Reglum um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum Stjtið B. nr. 554/1996.

Fylgiskjal 3

Matsreglur um mat á endur og símenntun

Samkomulag um mat á viðbótar/endurmenntun.

Samkomulag þetta tekur til náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu

1. Heimilt er að hækka þann sem lokið hefur framhaldsnámi á formi námskeiða eða annarrar skipulagðrar viðbótar- og endurmenntunar eftir lokapróf í náttúrufræðum um 1 launaflokk sé viðbótarnámið metið jafngildi 15 eining, og sé ekki um að ræða nám sem er hluti af grunnnámi náttúrufræðinga.
2. Ein eining jafngildir einni háskólaeiningu, sbr. námskeið í H.Í.. Nám sem tekur eina viku eða minna skal aldrei metið til meira en einnar einingar. 12 kennstustundir skulu metnar til einnar einingar ef nám er ekki samfellt, en þó aldrei fleiri einingar en vikufjöldinn gefur til kynna, og lágmarks stundafjöldi sem metinn er eru 4 klst. eða 1/3 eining.

Nánari útfærsla:

Þegar sótt er um endurmenntunarflokk þarf að meta nám viðkomandi, senda skal eftirfarandi til starfsmannastjóra og endurmenntunarmatsnefndar FÍN

1. 1. Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
2. 2. Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
3. 3. Ef um er að ræða þátttöku í t.d. “workshop”, þarf að sundurliða fyrirlestra og verklegt, best er að hafa ljósrit af dagskrá.
4. 4. Ef um er að ræða námsdvöl á annarri rannsóknastofu skal skila greinargerð um hana. Helst formlegri dagskrá ef til er, hvers vegna farið, hvað gert, hver er ávinningur ferðarinnar, árangur fyrir rannsóknastofuna hér heima, hver styrkti ferðina o.s.frv. Greinargerð frá yfirmanni um gagnsemi námsins fyrir rannsóknastofuna.
5. 5. Umframeiningar í t.d. BS-prófi þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu. Sbr. einnig ákvæði um nám í löggildingarreglugerð náttúrufræðinga í heilbrigðiskerfinu.

Bókun

með samkomulagi milli
Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og Landspítala háskólasjúkrahúss
um forsendur röðunar starfa við stofnunina dags. 25. júlí 2001.

Aðilar eru sammála um að samningur þessi feli í sér endanlega afgreiðslu á ágreiningi sem verið hefur um þau málefni sem þar er fjallað um vegna samningstímabils sem hófst með undirritun kjarasamnings fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga þann 5. júlí 1997. Jafnframt að hann komi í stað úrskurðar og röðunarreglna einstakra rekstrareininga LSH sem gilt hafa sem grundvöllur röðunar náttúrufræðinga á stofnuninni.

25.07.2001

Minnisblað

Af hálfu Landspítala – háskólasjúkrahúss verður röðun náttúrufræðinga á Veirufræðideild tekin til endurskoðunar strax eftir undirritun samkomulags, dags. 25.07.2001, milli Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og Landspítala – háskólasjúkrahúss um forsendur röðunar starfa við stofnunina skv. ákvæðum kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga frá 5. júlí 1997.